



ÍSLENSKU MENNTAVERÐLAUNIN

STOFNUD AF FORSETA ÍSLANDS







Ávarp forseta Íslands

ÓLAFS RAGNARS GRÍMSSONAR

Farsæld og framfarir þjóðarinnar ráðast í skólum landsins. Þeir eru uppspretta hagsældar um ókomin ár og án öflugrar fræðslu kann okkur að reynast erfitt að halda til jafns við aðrar þjóðir.

Þegar ég ákvað að stofna til Íslensku menntaverðlaunanna var það von mín að þau stuðluðu að samstöðu um skólastarfið og yrðu lóð á vogaskálar til þess að framlag kennara yrði metið að verðleikum.

Viðtökurnar sem Íslensku menntaverðlaunin hafa hlotið eru einkar ánægjulegar og sýna hve góðan hug þjóðin ber til grunnskólanna.

Fjölmargar tilnefningar bárust frá foreldrum, nemendum, forráðamönnum byggðarlaga og skólafólki vítt og breitt um landið allt. Verðlaunin öðluðust á þann hátt lýðræðislegan blæ og svipmót almennrar þátttöku.

Þau hafa einnig notið frábærs starfs hins hæfa fólks sem dómnefndir skipar, alúðar verkefnisstjórans og metnaðarfulls stuðnings Sparisjóðanna. Fyrir það þakka ég af heilum huga. Verðlaunin voru veitt í fyrsta sinn árið 2005 og þau hlutu þá öndvegisskóli á Akranesi, merkur skólamaður, ungur kennari á Ísafirði og höfundur námsefnis í tónlistarfræðslu. Í umsögnum dómnefnda var rík áhersla lögð á skapandi starf, nýjungar, fjölbreytni, þróun, áraðni og alúð þeirra sem gert hafa kennslu að ævistarfi.

Við hjónin heimsóttum svo Grundaskóla fyrir skömmu og áttum ánægjulegar og fróðlegar samverustundir með nemendum og kennurum. Var það upphaf að hefð sem fylgt verður í framtíðinni: Að sækja heim verðlaunaskólann.

Nú er á ný gengið til leiks og óskað eftir tilnefningum og ég hvet flesta að taka þátt. Að vori verður svo uppskeruhátíð þegar verðlaunin verða veitt í annað sinn.

ÍSLENSKU MENNTAVERÐLAUNIN

verðskulda virðingarsess



Sparisjóðirnir eru stoltir af því að vera bakhjarl Íslensku menntaverðlaunanna sem voru fyrst afhent á síðasta ári. Verðlaunin eru hugmynd forseta Íslands sem hann kynnti fyrst í nýársávarpi sínu.

Hugmyndin vakti strax verðskuldaða athygli og afhending verðlaunanna naut mikillar athygli jafnt skólafólks sem fjölmiðla.

Með Íslensku menntaverðlaununum er stigið mikilvægt skref til viðurkenningar á því framsækna starfi sem unnið er í grunnskólum landsins; starfi sem gjarnan hefur fallið í skuggann af því sem gert er á æðri menntastigum. Verðlaunin eru jafnframt kærkomin hvatning til kennara og skólastjórnenda til að halda áfram þróun og uppbyggingu grunnskóla-menntunar þeirrar kynslóðar sem erfir landið.

Markmið Íslensku menntaverðlaunanna er að veita viðurkenningar á breiðum grunni. Þannig fær sá skóli viðurkenningu sem sinnt hefur vel nýsköpun og farsælu samhengi í fræðslustarfi. Veitt eru verðlaun fyrir merkt ævistarf kennara og mælistika er lögð á hæfileika ungra kennara og þá alúð sem þeir leggja í starfið. Þá eru veitt verðlaun þeim höfundi námsefnis sem talið er að hafa stuðlað að nýjungum í skólastarfinu.

Saga sparisjóðanna í landinu er að mörgu leyti samofin sögu grunnskólamenntunar á Íslandi. Sparisjóðirnir hafa ætíð sýnt ríka samfélagslega ábyrgð og lagt metnað sinn í að auka velferð þess þjóðfélags sem þeir eru hluti af. Engin íslensk fjármálafyrirtæki

hafa ræktað eins náin tengsl við umhverfi sitt og sparisjóðirnir. Stuðningur við Íslensku menntaverðlaunin fellur því einkar vel að hugmyndum þeirra um framlag til framfara í samfélaginu.

Það er einlæg ósk sparisjóðanna að stuðningur þeirra við þetta þarfa framtak megi verða til þess að efla brautargengi Íslensku menntaverðlaunanna og skapa þeim þann virðingarsess sem þau verðskulda.

Gísli Kjartansson,
sparisjóðsstjóri
formaður
Sambands íslenskra sparisjóða



Hönnun merkis og verðlaunagripa
Íslensku menntaverðlaunanna:
Úlfar Örn Valdimarsson
og Tómas Hjálmarsson



FRÁ AFHENDINGU ÍSLENSKU MENNTAVERÐLAUNANNA
í Vífistaðaskóla 2005



ÍSLENSKU

MENNTAVERÐLAUNIN 2005

Grundaskóli, Akranesi hlaut verðlaunin í flokknum, skólar sem sinnt hafa vel nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi.

Úr umsögn dómnefndar:

„Grundaskóli hefur ávallt verið framsækinn skóli og þar hefur verið lögð rækt við fjölbreytta náms- og kennsluhætti. Í skólanum hafa verið unnin mörg áhugaverð þróunarverkefni þar sem lögð er áhersla á skapandi og fjölbreytt viðfangsefni. Þá hafa list- og verkgreinar frá fyrstu tíð skipað stóran sess í starfi skólans.

Grundaskóli hefur ávallt hugað vel að félagsstarfi nemenda og eru nemendur hvattir áfram á því sviði sem öðrum. Þess má geta að nemendur taka fullan

þátt í móttöku gesta sem koma í skólann til að kynna sér starfið og hafa gestirnir því tækifæri til að kynna sér lífið í skólanum með milliliðalausri rökræðu við nemendur. Einnig hefur samstarf skólans við heimilin verið ákaflega gott allt frá upphafi og er öflugt foreldrafélag starfandi við skólann.

Stjórnendur og kennarar skólans hafa verið duglegir að sækja sér viðbótarmenntun sem nýtist skólanum í allri þróun starfsins. Mikil áhersla er lögð á góða samvinnu starfsmanna sem skilar sér í jákvæðu og metnaðarfullu skólastarfi og góðum starfsanda. Það er því ekki að undra að gamall nemandi skólans sagði einu sinni: „Við útskrifumst úr Grundaskóla en við yfirgefum hann aldrei“, en þessi orð segja ákaflega margt um þann góða anda sem virðist ríkjá í Grundaskóla.“





Kári Arnórsson

fyrirverandi skólastjóri hlaut verðlaunin í flokknum, kennarar sem skilað hafa merku ævistarfi eða á annan hátt skarað framúr.

Úr umsögn dómnefndar:

„Kári Arnórsson fyrirverandi skólastjóri hóf þróunar- og umbótastarf sitt í skólamálum strax á fyrstu árum sínum við kennslu upp úr 1950. Hann var um árabil kennari – fyrst á Þórshöfn, svo í Hafnarfirði, síðan skólastjóri á Húsavík í um áratug. Árið 1971 tók hann við starfi sem skólastjóri í Fossvogsskóla í Reykjavík. Sá skóli var þá nýstofnaður og var fyrsti tilraunaskólinn um nýja kennsluhætti á Íslandi. Þá voru slíkir kennsluhættir kallaðir „opinn skóli“ – nú, þrjátíu árum síðar, er talað um „einstaklingsmiðað nám“ – en að baki liggur sama hugmyndafræði.

Sýn Kára á starf kennara og skóla mótaðist alla tíð af þeirri afstöðu að hver einstakur nemandi ætti að fá tækifæri til að njóta hæfileika sinna og að kennslan ætti fyrst og fremst að miðast við getu nemandans og þroska á hverjum tíma.

Kári vildi losa skólastarf úr viðjum hefða og vana. Honum var kappsmál að leita sífellt nýrra leiða, láta reyna á nýjar hugmyndir, prófa þær og þróa. Hann lagði áherslu á að læra af reynslunni með því að leggja stöðugt mat á skólastarfið og bregðast við í samræmi við niðurstöður þess. Hann vildi að nemendur lærðu að sýna hver öðrum tillitsemi og virðingu og að þeim liði vel í skólanum. Hann byggði upp sjálfstæði nemenda sinna, vildi draga úr vægi kennslubókarinnar og beita fjölbreyttum aðferðum við kennslu. Hann sá til

þess að nemendur ættu valkosti, hefðu áhrif á nám sitt og tækju ábyrgð á því. Hann lagði áherslu á aukinn hlut listsköpunar og handmenntar í skólastarfi, hann stuðlaði að samstarfi kennara og valddreifingu innan skólans og kappkostaði stöðugt og náið samstarf heimila og skóla. Þannig skipulagði hann m.a. skólastarfið í skóla sínum á þann hátt að það kæmi til móts við þarfir heimilanna og bauð nemendum lengri og innihaldsríkari skóladag en þá tíðkaðist í öðrum skólum.

Þá þrjá áratugi sem Kári var skólastjóri í Fossvogsskóla var hann óþreytandi að miðla af reynslu sinni og fræða aðra um starf skólans með því að taka á móti hópum kennara, skólastjórna og annars skólafólks sem vildi kynna sér það. Hann skrifaði greinar og skýrslur, hélt námskeið og flutti erindi og fyrirlestra um skólastarfið í Fossvogsskóla.

Kári Arnórsson á að baki langan og farsælan feril bæði sem kennari og skólastjóri og hefur skilað merku ævistarfi með því að hlúa að sprotum sem hafa vaxið og dafnað og orðið til víðtækra áhrifa á íslenska grunnskóla. Hann ruddi braut viðhorfum um að gott og farsælt skólastarf krefðist þess að hæfileikar, sjálfstæði og frumkvæði hvers einstaklings fengi notið sín.“





Rannveig Þorvaldsdóttir

kennari í Grunnskólanum á Ísafirði hlaut verðlaunin í flokknum, ungt fólk sem í upphafi kennsluferils hefur sýnt hæfileika og lagt alúð við starf sitt.

Úr umsögn dómnefndar:

„Rannveig útskrifaðist úr Kennaraháskóla Íslands vorið 1997. Fyrstu tvö árin kenndi hún við Langholtsskóla í Reykjavík en hefur síðan kennt við Grunnskólann á Ísafirði.

Hún gengur að hverju nýju verkefni með opnum huga og hefur náð einstaklega góðum tengslum við nemendur sína og samstarfsfólk. Hún kemur fram við nemendur sína af virðingu og ljúfmennsku og tekst þannig að skapa bekknum sínum hvetjandi náms-umhverfi þar sem hver einstaklingur nýtur námsins og vinnur eftir bestu getu. Rannveig hefur lagt kapp á að vinna samkvæmt hugmyndinni um „skóla án aðgreiningar“ þar sem í sama bekknum er fjölbreyttur nemendahópur sem býr yfir mismunandi getu og þroska. Rannveig sækist eftir að vinna með nemendahópum sem samanstanda af ólíkum einstaklingum, þ.á.m. einstaklingum sem hafa ýmiss konar sérþarfir. Þessar sérþarfir sem oft kalla á sérstök vinnubrögð, mikið skipulag og aukinn tíma eru sem áskorun í hennar huga enda nær hún góðum árangri í vinnu með nemendum.

Rannveig býr yfir þeim mikilvæga kosti góðs kennara að skorast ekki undan verkefnum heldur sýna frumkvæði og áráðni í starfi. Hún tekst á hendur krefjandi og örgandi verkefni og tekst vel að leysa þau farsællega. Til að styrkja sig enn betur faglega í starfi

hefur hún hafið nám í sérkennslu í Kennaraháskóla Íslands samhliða starfi sínu

Rannveig Þorvaldsdóttir er fulltrúi hinna fjölmörgu ungu kennara sem í upphafi starfsferils síns hafa sýnt hve mikils virði traust menntun, jákvætt hugarfar og einlægur áhugi á starfinu er.“



Sigfríður Björnsdóttir

hlaut verðlaunin í flokknum, höfundar námsefnis sem stuðlað hafa að nýjungum í skólastarfi.

Úr umsögn dómnefndar:

„Sigfríður hlýtur verðlaunin fyrir námsvefinn, „Tónlist í tímans rás“. Verkefnið byggir á afar framsækinni hugsun en á vef hennar er fléttað saman fróðleik um tónlistarsögu og frumatriðum í tónsmíðum. Nemendur eiga þess kost að rannsaka hvað einkennir helstu stílbrigði í tónsmíðum í vestrænni tónlistarsögu með því að skoða tónðæmi og hlusta á þau. Einnig eru nemendur sjálfir hvattir til að semja eigin tónverk. „Tónlist í tímans rás“ hvetur nemendur til að afla sér þekkingar á lifandi og virkan hátt þar sem hver nemandi tekur á efninu eftir eigin áhuga og í samræmi við eigin getu.

Dómnefnd telur að námsefni þetta muni stuðla að nýjungum í tónmenntakennslu en það er svið sem of oft hefur orðið útundan í íslenskum grunnskólum. Því er þetta námsefni kærkomin viðbót sem mun eflaust efla enn frekar tónlistarnám í skólum landins.

Því má bæta við að „Tónlist í tímans rás“ hefur nú þegar vakið áhuga erlendra námsefnishöfunda og eru líkur á því að efnið verði þýtt á önnur tungumál.“



FRÁ HEIMSÓKN FORSETAHJÓNANNA
í Grundaskóla, Akranesi 2006



REGLUR

um Íslensku menntaverðlaunin

1. gr.

Forseti Íslands stofnar til Íslensku menntaverðlaunanna í samræmi við yfirlýsingu sem forsetinn gaf í nýársávarpi 1. janúar 2005.

2. gr.

Íslensku menntaverðlaunin miðast einkum við starfsemi grunnskóla og eru veitt í eftirfarandi flokkum:

1. Skólum sem sinnt hafa vel nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi
2. Kennurum sem skilað hafa merku ævistarfi eða á annan hátt skarað framúr
3. Ungu fólki sem í upphafi kennsluferils hefur sýnt hæfileika og lagt alúð við starf sitt
4. Höfundum námsefnis sem stuðlað hafa að nýjungum í skólastarfi.

Auk þessara flokka er einnig heimilt að veita sérstök verðlaun þegar rík ástæða er talin til þess að heiðra mikilvægt framlag til grunnskólastarfs eða menntamála.

3. gr.

Íslensku menntaverðlaunin skulu veitt ár hvert í maí eða byrjun júní og skulu þá veitt verðlaun í öllum fjórum flokkum. Hin sérstöku verðlaun eru eingöngu veitt þegar tilefni er til.

4. gr.

Auglýsa skal eftir tilnefningum og hafa allir rétt til að senda inn tilnefningar, þ.e. skólar, kennarar, foreldrafélög, nemendur, einstakir foreldrar, sveitarfélög, áhugafólk og allir aðrir sem áhuga hafa á skólastarfi. Tilnefningarnar skal senda til skrifstofu forseta Íslands eða á netfangið: menntaverdlaun@forseti.is

5. gr.

Forseti Íslands skipar tvær dómnefndir:

- a) fyrir 1. flokk og 4. flokk
- b) fyrir 2. og 3. flokk

Hvor dómnefnd skal skipuð 5 einstaklingum til þriggja ára í senn en þó skal í fyrsta sinn velja með hlutkesti tvo úr hvorri nefnd sem fara úr nefndunum eftir tvö ár. Dómnefndarmenn geta komið til starfa á ný séu a.m.k. 5 ár liðin frá fyrri setu í dómnefnd.

Leitast skal við að dómnefndir endurspegli víðtæka og fjölþætta sýn á skólastarfið.

6. gr.

Dómnefndir skulu taka til meðferðar tilnefningar sem berast en einnig er nefndarmönnum heimilt að leggja fram tillögur. Alger trúnaður skal ríkja um störf dómnefndanna.

7. gr.

Niðurstöður dómnefnda ár hvert skulu bornar undir forseta Íslands til kynningar og staðfestingar.

8. gr.

Verðlaunahafar fá til eignar sérstaka verðlaunagripa sem gerðir eru af íslenskum listamönnum.

9. gr.

Íslensku menntaverðlaunin skulu afhent á sérstakri verðlaunahátíð. Leitast skal eftir samstarfi við fjölmiðla og/eða sveitarfélög um hátíðina. Lögð skal áhersla á að efni frá nemendum grunnskóla verði flutt á hátíðinni.

10. gr.

Sparisjóðirnir í landinu verða uns annað verður ákveðið styrktaraðili Íslensku menntaverðlaunanna. Styrktaraðili ræður í samráði við skrifstofu forseta Íslands sérstakan starfsmann í hlutastarf til að aðstoða við kynningu, upplýsingaöflun, störf dómnefnda, verðlaunahátíð og önnur verkefni.

Bessastöðum 16. mars 2005

Ólafur Ragnar Grímsson



DÓMNEFNDIR

vegna Íslensku menntaverðlaunanna

Dómnefnd samkvæmt liðum 1 og 4 í 2. gr.
reglnanna um Íslensku menntaverðlaunin



Ingvar Sigurgeirsson,
prófessor við Kennaraháskóla Íslands



Jóhanna Kristjánsdóttir,
fv. skólastjóri



Katrín Alfreðsdóttir,
*flugfreyja,
fv. formaður foreldrafélags VÍðistaðaskóla*



Pétur Bjarnason,
*frankvæmdastjóri hópdrættis SÍBS
og fv. fræðslustjóri*



Rósa Eggertsdóttir,
*sérfræðingur á skólapróunarsviði
kennaradeildar Háskólans á Akureyri*

Dómnefnd samkvæmt liðum 2 og 3 í 2. gr.
reglnanna um Íslensku menntaverðlaunin



Áslaug Brynjólfsdóttir,
fv. fræðslustjóri



Sr. Bjarni Karlsson,
sóknarprestur í Laugarneskirkju



Haukur Helgason,
fv. skólastjóri



Stella Guðmundsdóttir,
fv. skólastjóri



Svanhildur Kaaber,
*skrifstofustjóri á skrifstofu rektors
Kennaraháskóla Íslands*



VERÐLAUNIN ERU VEITT Í FJÓRUM FLOKKUM

1. Skólum sem sinnt hafa vel nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi.
2. Kennurum sem skilað hafa merku ævistarfi eða á annan hátt hafa skarað framúr.
3. Ungu fólki sem í upphafi kennsluferils hefur sýnt hæfileika og lagt alúð við starf sitt.
4. Höfundum námsefnis sem stuðlað hafa að nýjungum í skólastarfi.

Tilnefningar skal senda til skrifstofu forseta Íslands, **Staðastað, Sóleyjargötu 1, 150 Reykjavík**, eða á menntaverdlaun@forseti.is

Síðasti skiladagur tilnefninga er **laugardaginn 15. apríl 2006**.

SPARISJÓÐIRNIR Á ÍSLANDI
– eru bakhjari Íslensku menntaverðlaunanna

